



Árskýrsla starfsmatsnefndar
2015 - 2016

FRAMKVÆMDANEFND STARFSMATSNEFNDAR

Efnisyfirlit:

Inngangur	1
Skipulag samvinnu um starfsmat	2
Fagleg samráðsnefnd.....	2
Starfsmatsnefnd	2
Framkvæmdanefnd	2
Starf framkvæmdanefndar	3
Kerfisbundin endurskoðun starfsmats	3
Starfsmatsvinnan	5
Áfrýjunarnefnd	5
Áherslatriði 2016 til 2017	5
Viðauki I – yfirlit funda.....	6
Yfirlit funda vegna starfsmats 2014	6
Yfirlit funda vegna starfsmats 2015	6
Yfirlit funda vegna starfsmats 2016	7
Viðauki II – starfsmatsyfirlit 2014 til 2016	8

INNGANGUR

Starfsmat sveitarfélaganna er viðvarandi samstarfsverkefni þeirra sveitar- og stéttarféлага sem um það hafa samið í kjarasamningum. Hlutverk starfsmatsnefndar er að vera samráðsvettvangur fyrir stéttarfélög og Sambands íslenskra sveitarféлага um málefni starfsmats. Starfsmatsnefnd skipar Framkvæmdanefnd starfsmats, sem sér um framkvæmd starfsmats hjá Sambandi íslenskra sveitarféлага á grundvelli starfsmatskerfisins. Markmið starfsmatsnefndar eru að:

- efla faglega þróun og endurskoðun starfsmatskerfisins
- samræma verkferla og vinnulag
- eitt teymi starfsmatsráðgjafa starfi fyrir öll sveitarfélög
- samræma mat á öllum störfum
- bæta þjónustu við sveitarfélög
- efla samvinnu við stéttarfélög
- efla fræðslu og upplýsingagjöf
- auka skilvirkni og málshraða
- starfsmatsviðtöl verði notuð í auknum mæli.

Þetta er fyrsta árskýrsla um starfssemi starfsmatsins frá því að nýjar reglur voru samþykktar á fundi í starfsmatsnefnd þann 27. janúar 2015.

Í upphafi árs 2014 var starfsmat Samband íslenskra sveitarféлага og Reykjavíkurborgar sameinað í sameiginlega Verkefnastofu starfsmats í samvinnu við viðkomandi stéttarfélög sem samið hafa um starfsmat. Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarféлага reka Verkefnastofu starfsmats. Verkefnastofa starfsmatsins er staðsett að Vonarstræti 4 í Reykjavík og verkefnastjóri hennar er Auður Lilja Erlingsdóttir, netfang: audur.lilja.erlingsdottir@reykjavik.is, sími: 411-4361. Aðrir starfsmenn starfsmatsins eru Steinvör Laufey Jónsdóttir og Bjarni Bjarnason. Netfang: starfsmat@reykjavik.is.

Samhliða þessum breytingum var farin námsferð til Bretlands þar sem starfsmatskerfið var hannað. Þróun kerfisins í Bretlandi sl. áratug var skoðuð og jafnframt tekin sú ákvörðun að innleiða nýja vefútgáfu starfsmatskerfisins á Íslandi og uppfæra starfsmatskerfið til samræmis við þær breytingar sem orðið höfðu á kerfinu í Bretlandi. Endurskoðunin fór fram á árinu 2014. Í ársbyrjun 2015 voru allar starfsniðurstöður endurskoðaðar með tilliti til þeirra breytinga sem gerðar voru á starfsmatskerfinu. Staðbundnar starfsmatsniðurstöður einstakra sveitarféлага voru einnig endurskoðaðar með sama hætti.

Opnuð hefur verið heimasíða www.starfsmat.is og er þar allar útgefnar starfsmatsniðurstöður að finna. Síðan er sameiginleg með niðurstöðum fyrir borgina og sveitarfélögin.

SKIPULAG SAMVINNU UM STARFSMAT

Fagleg samráðsnefnd

Nefndin er skipuð fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar og stéttarfélaganna sem eru með kjarasamning við áðurnefnda aðila. Nefndin hefur það hlutverk að taka stefnumótandi ákvarðanir varðandi þróun starfsmatskerfisins og önnur fagleg málefni.

Starfsmatsnefnd

Hlutverk starfsmatsnefndar er að vera samráðsvettvangur fyrir stéttarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga um málefni starfsmats. Starfsmatsnefnd skipar framkvæmdanefnd sem sér um framkvæmd starfsmats hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga á grundvelli starfsmatskerfisins.


Framkvæmdanefnd

Í nefndinni sitja þrjár fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þrjár fulltrúar stéttarfélaganna. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga: Inga Rún Ólafsdóttir, Berglind Eva Ólafsdóttir og Sólveig B. Gunnarsdóttir.

Fulltrúar BSRB félaganna: Arna Jakobína Björnsdóttir og Árni Egilsson.

Fulltrúi ASÍ félaganna: Signý Jóhannesdóttir

Framkvæmdanefnd hefur yfirumsjón með þróun og aðlögun starfsmatskerfisins í samvinnu við Starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar. Framkvæmdanefnd setur sér vinnureglur til að fara eftir.



Nú hafa 40 stéttarfélög samið um starfsmat. Á árinu 2018 munu 15 stéttarfélög bætast í hópinn, þar af 10 félög innan BHM og 5 félög utan bandalaga. Vegna innkomu þeirra þarf að gera breytingar á samkomulagi um starfsmatið.

Starf framkvæmdanefndar

Framkvæmdanefndin hélt tuttugu fundi á árinu 2015. Þar af voru haldnir tólf vinnufundir vegna kerfisbundinnar endurskoðunar starfsmatskerfisins þar sem allar útgefnar starfsmatsniðurstöður voru yfirfarnar útfrá breyttum forsendum starfsmatskerfisins. Einnig voru haldnir tveir fundir hjá faglegri samráðsnefnd sambandsins og Reykjavíkurborgar. Það sem af er á árinu 2016 hafa verið haldnir átta fundir hjá Framkvæmdanefnd starfsmats. Gengið var frá úrtaksreglum vegna starfsmatsviðtala við val á fulltrúum í viðtöl fyrir hönd hópa.

KERFISBUNDIN ENDURSKOÐUN STARFSMATS

Með kjarasamningum sem gerðir voru árið 2014 milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ, sem samið hafa um starfsmat, fylgdi eftirfarandi bókun:

Bókun 2 um endurskoðun á starfsmatsniðurstöðum

Aðilar eru sammála um að þörf sé á markvissri heildarendurskoðun á starfsmatsniðurstöðum og starfsmatskerfinu til að tryggja að niðurstöðurnar endurspegli störf og starfsumhverfi sveitarfélaga. Endurskoðunarvinnan felur meðal annars í sér samanburð á mati á störfum þvert á svið (þverkeyrsla) og starfsstaði sveitarfélaga og þess gætt að ekki sé um ómálefnalegan mismun að ræða. Breytingar sem leiða til launahækkana vegna þessarar endurskoðunar munu taka gildi frá upphafi þessa sammings.

Samstarfsaðilar starfsmatsins eru sammála um mikilvægi þess að íslenska útgáfa kerfisins þróist í takt við þróun kerfisins í Bretlandi og í samræmi við breyttar kröfur samfélagsins til almannajónustu. Frá upptöku starfsmatskerfisins árið 2002 hafði aldrei áður farið fram uppfærsla á kerfinu til samræmis við þróun þess í Bretlandi. Það var því orðið mjög aðkallandi að fara í þá vinnu, enda aðilar sammála um að tryggja áframhaldandi notkun kerfisins og auka trúverðuleika þess við mat á störfum innan sveitarfélaganna.

Á árinu 2014 fól hin faglega samráðsnefnd Verkefnastofu starfsmats að vinna tillögur að uppfærslu og endurbótum á starfsmatskerfinu til samræmis við þá þróun sem orðið hefur á því í Bretlandi. Niðurstaða þeirrar vinnu fól í sér breytingar á spurningakerfinu, þrepa- og þáttaskilgreiningum og túlkun einstakra þátta kerfisins. Helstu breytingar í hverjum matsþætti voru eftirfarandi:

1. Þekking og reynsla. Engin breyting á þættinum kerfisbundið.
2. Hugræn færni. Litlar breytingar á þættinum.
3. Samskipti. Hér voru litlar sem engar breytingar gerðar á þættinum.
4. Líkamleg færni. Helstu breytingar eru vegna starfa við mikla tölvuvinnslu og í nákvæmni við notkun tækjabúnaðar.
5. Frumkvæði og sjálfstæði. Hér eru litlar kerfislegar breytingar.
6. Líkamlegt álag. Engar kerfisbundnar breytingar
7. Hugrænar kröfur. Hér eru litlar kerfislegar breytingar.
8. Tilfinningalegt álag. Hér eru litlar kerfisbundnar breytingar en breyting í framkvæmd og þá sérstaklega á skilum milli fyrsta og annars þreps.
9. Ábyrgð á fólki. Töluverðar breytingar urðu á þessum þætti þar sem hugtakið velferð fólks er nú túlkað rýmra en áður. Velferð fólks tekur m.a. til menningar, tómstunda og afþreyingar.
10. Ábyrgð á stjórnun. Nokkrar breytingar urðu á þessum þætti.
11. Ábyrgð á fjármunum. Litlar kerfislegar breytingar.
12. Ábyrgð á búnaði og upplýsingum. Einhverjar breytingar urðu á þessum þætti hvað varðar störf sem fela í sér uppfærslu á gögnum/upplýsingum í gagnagrunna þar sem slík ábyrgð er metin á skýrari máta.
13. Vinnuáætlun. Hér urðu helst breytingar á þeim störfum sem fela í sér að vinna í viðvarandi hávaða, áreiti eða óhreinindum.

Í framhaldinu var farið í samsvarandi endurskoðun á fyrirliggjandi starfsmatsniðurstöðum hjá öllum sveitarfélögum. Vinnu við Reykjavíkurlutann lauk í lok nóvember 2014 og voru laun starfsmanna Reykjavíkurborgar leiðrétt í desember sama ár. Í ársbyrjun 2015 hófu starfsmatsráðgjafarnir undirbúning að endurskoðun á starfsmatsniðurstöðum annarra sveitarfélaga. Framkvæmdanefnd starfsmatsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðsemjenda þess, fjallaði um tillögur starfsmatsráðgjafanna og tók á grundvelli þeirra og upplýsinga frá sveitarfélögunum um inntak starfa, ákvörðun um breytingar á mati einstakra starfa. Í endurskoðunarvinnunni var kallað eftir starfslýsingum frá öllum sveitarfélögunum. Skýrt kom í ljós við yfirferð þeirra að almennt voru gerðar meiri kröfur um gæði þjónustu en áður. Niðurstaða endurskoðunarinnar og samsvarandi endurskoðun á fyrirliggjandi starfsmatsniðurstöðum lág fyrir í júní 2015 og kom til útborgunar á tímabilinu júlí til október eftir sveitarfélögum.

Starfsmatsvinnan

Árið 2015 samþykkti framkvæmdanefnd mat á 28 störfum, þar af var um eitt nýtt starf að ræða en í öðrum tilfellum var um endurmatsbeiðni að ræða.

Það sem af er ári 2016 hefur framkvæmdanefnd samþykkt mat á 24 störfum, í helming tilfella var um nýtt starf að ræða og hinn helmingurinn var beiðni um endurmat.

Áfrýjunarnefnd

Niðurstöðum Framkvæmdanefndar starfsmats er hægt að vísa til áfrýjunarnefndar skv. reglum sem þar um gilda. Nefndarmenn eru fjórir. Þau stéttarfélög sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum skipa tvo fulltrúa. Reykjavíkurborg og Samband íslenskrasveitarfélaga skipa sameiginlega tvo fulltrúa. Reykjavíkurborg og Samband ísl. Sveitarfélaga skipta með sér formennsku í nefndinni til tveggja ára í senn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Samkomulag var um að BSRB félögin og ASÍ félögin skipi sitt hvort fulltrúann en að þau félög sem standa þar fyrir utan skipi áheyrnarfulltrúa þegar tekin eru fyrir mál sem tilheyra þeim félögum. Ekki er lokið að tilnefna í nefndina og hefur því ekki verið haldinn fundur í henni.

Áfrýjunarnefnd hefur verið skipuð en hún hefur ekki enn komið saman til fundar. Nefndin hefur það hlutverk að taka til meðferðar kærur vegna niðurstöðu starfsmats. Bæði starfsmenn og sveitarfélög geta kært starfsmatsniðurstöður til áfrýjunarnefndar. Niðurstöður nefndarinnar eru endanlegar og því bindandi gagnvart málsaðilum.

ÁHERSLATRÍÐI 2016 TIL 2017

- Haustið 2016 mun Framkvæmdanefnd starfsmats standa að kynningu á starfsmatskerfinu fyrir starfsmönnum sveitarfélaga og stéttarfélaga.
- Unnið verður að þróun starfsmatskerfisins í samstarfi við stéttarfélög.
- Unnið verður að frekari uppbyggingu Verkefnastofu starfsmats.
- Unnið verður samkvæmt aðgerðaráætlun sem fylgir kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við háskólafélög þar sem það markmið er sett að fyrir 30. apríl 2018 hafi öll störf háskólamanna verið metin samkvæmt starfsmatinu SAMSTARF og greiðsla launa samkvæmt starfsmati hefjist þann 1. júní 2018.

VIÐAUKI I – YFIRLIT FUNDA

Framkvæmdanefnd starfsmats hélt tuttugu fundi á árinu 2015. Þar af voru haldnir tólf vinnufundir vegna kerfisbundinnar endurskoðunar starfsmatskerfisins þar sem allar útgefnar starfsmatsniðurstöður voru yfirfarnar út frá breyttum forsendum starfsmatskerfisins. Einnig voru haldnir tveir fundir hjá faglegri samráðsnefnd sambandsins og Reykjavíkurborgar. Það sem af er á árinu 2016 hafa verið haldnir átta fundir hjá Framkvæmdanefnd starfsmats.

Yfirlit funda vegna starfsmats 2014

1. 18.09.2014 Samráðsnefnd – Starfsreglur Áfrýjunarnefndar. Lögð fram fyrstu drög að starfsreglum Áfrýjunarnefndar til rýningar og umræðu
2. 18.09.2014 Framkvæmdanefnd (fundurinn var á undan samráðsnefndarfundinum) – Drög að starfsreglum og umræða um verkferla/starfsreglur varðandi bráðabirgðaröðunar á nýju starfi
3. 10.11.2014 Framkvæmdanefnd – Vinnulag fyrir kerfisbundnar endurskoðun á starfsmati
4. 08.12.2014 Framkvæmdanefnd – Kerfisbundin endurskoðun

Yfirlit funda vegna starfsmats 2015

5. Framkvæmdanefnd starfsmats 12.01.2015
6. Framkvæmdanefnd starfsmats 27.1. 2015
7. Framkvæmdanefnd starfsmats 27.1. 2015 - kerfisbundin endurskoðun 11-16
8. Framkvæmdanefnd starfsmats 9.2. 2015 - kerfisbundin endurskoðun 10-16
9. Fagleg samráðsnefnd – stóra starfsmatsnefndin 16.2. 2015
10. Framkvæmdanefnd starfsmats – 9.3.2015 – Kerfisbundin endurskoðun, starfsreglur starfsmats og afgreiðsla starfa
11. Framkvæmdanefnd starfsmats – 24.3.2015 – Kerfisbundin endurskoðun og framlagning starfa v/endurmats
12. Framkvæmdanefnd starfsmats 30.3.2015 – framlagning og kerfisbundin endurskoðun
13. Framkvæmdanefnd starfsmats 16.4. 2015 – framlagning og kerfisbundin endurskoðun
14. Framkvæmdanefnd starfsmats 20.4. 2015
15. Framkvæmdanefnd starfsmats 11.5 2015 - kerfisbundin endurskoðun 10-14
16. Framkvæmdanefnd starfsmats 15.5. 2015 - kerfisbundin endurskoðun 10-16
17. Framkvæmdanefnd starfsmats 21.5. 2015 - kerfisbundin endurskoðun 12:30 -16
18. Framkvæmdanefnd starfsmats 22.5. 2015 - kerfisbundin endurskoðun 9 -16
19. Framkvæmdanefnd starfsmats 1.6. 2015 - kerfisbundin endurskoðun 9 -11
20. Framkvæmdanefnd starfsmats 12.8. 2015 - kerfisbundin endurskoðun 13-14
21. Fagleg samráðsnefnd – stóra starfsmatsnefndin 12.8. 2015
22. Framkvæmdanefnd starfsmats – 17.8.2015 – Afgreiðsla á endurmati
23. Framkvæmdanefnd starfsmats 28.9. 2015

24. Framkvæmdanefnd starfsmats 5.10. 2015
25. Framkvæmdanefnd starfsmats – 12.10.2015 – Endurmat og starfsreglur
26. Framkvæmdanefnd starfsmats 26.10. 2015

Yfirlit funda vegna starfsmats 2016

1. Framkvæmdanefnd starfsmats 28.1. 2016
2. Framkvæmdanefnd starfsmats 15.2. 2016
3. Framkvæmdanefnd starfsmats 29.2. 2016
4. Framkvæmdanefnd starfsmats 14.3. 2016
5. Framkvæmdanefnd starfsmats 18.4. 2016
6. Framkvæmdanefnd starfsmats 9.5. 2016
7. Framkvæmdanefnd starfsmats 25.5. 2016
8. Framkvæmdanefnd starfsmats 6.6. 2016

VIÐAUKI II – STARFSMATSÝFIRLIT 2014 TIL 2016

2014

Sveitarfélag	Starfsheiti	Staða	ár	afgreitt	Niðurstaða nefndar
Akureyri	Heilbrigðisritari	Nýtt mat	2014	10/4/2014	446
Akureyri	Læknaritari	Nýtt mat	2014	10/4/2014	466
Akureyri	Ritari Færni og heilsufarsnefndar	Nýtt mat	2014	11/10/2014	423

2015

Sveitarfélag	Starfsheiti	Staða	ár	afgreitt	Niðurstaða nefndar
Hafnarfjarðarbær	Tækjamaður II	Endurmat	2015	23.02.2015	368
Hafnarfjarðarbær	Bókavörður	Endurmat	2015	23.02.2015	371
Akureyri	Byggingarstjóri (verkefnastjóri)	Endurmat	2015	3/9/2015	531
Kópavogur	Rekstrastjóri / yfirhúsvörður	Endurmat	2015	4/16/2015	511
Hornafjörður	Forstöðumaður íþróttamannvirkja Hornafjaraðar	Nýtt mat	2015	4/16/2015	488
Garður	Skólaliði	Endurmat	2015	4/20/2015	335
Akureyri	Bókavörður á skyldusafni	Endurmat	2015	8/17/2015	397
Akureyri	Þjónustufulltrúi í þjónustuandryi	Endurmat	2015	8/17/2015	423
Akureyri	Ráðgjafi í atvinnu með stuðningi	Endurmat	2015	8/17/2015	497
Akureyri	Umönnun á öldrunarheimili	Endurmat	2015	8/17/2015	391
Mosfellsbær	Sundlaugarvörður	Endurmat	2015	8/17/2015	361
Mosfellsbær	Sundlaugavörður II (með vaktstjórn	Endurmat	2015	8/17/2015	374
Akureyri	Ritari bæjarstjóra	Endurmat	2015	8/17/2015	456
Vestmannaeyjar	Forstöðumaður / skipstjóri á Lóðsinum	Endurmat	2015	8/17/2015	580
Ísafjarðarbær	Þjónustufulltrúi á fjölskyldusviði	Endurmat	2015	8/17/2015	420
Stykkishólmur	Íþrótt og tómstundafulltrúi	Endurmat	2015	8/17/2015	523
Akureyri	Sjúkraliði	Endurmat	2015	8/17/2015	483
Ölfus	Forstöðumaður heimilishjálpar	Endurmat	2015	8/17/2015	462
Akureyri	Forstöðumaður íþróttamannvirkis IV	Endurmat	2015	8/17/2015	491
Akureyri	Heimaþjónusta II (heimaþjónusta A)	Endurmat	2015	8/17/2015	381
Akureyri	Forstöðumaður í búsetuþjónustu	Endurmat	2015	8/17/2015	683
SHS	Deildarstjóri	Endurmat	2015	8/29/2015	676
Mörg sveitarfélög	Aðalvarðstjóri	Endurmat	2015	8/30/2015	610
Mörg sveitarfélög	Varðstjóri	Endurmat	2015	8/31/2015	604
Mörg sveitarfélög	Verkefnastjóri/eldvarnareftirlit	Endurmat	2015	9/1/2015	577
Akureyri	Byggingarstjóri (verkefnastjóri)	Endurmat	2015	9/2/2015	557
Hafnarfjarðarbær	Afgreiðslufulltrúi á safni	Endurmat	2015	9/3/2015	338
Akureyri	Starfsmaður á sambýli II (vaktstjóri á sambýli)	Endurmat	2015	9/4/2015	420

2016

Sveitarfélag	Starfsheiti	Staða	ár	afgreitt	Niðurstaða nefndar
Hafnarfjarðarbær	Verkstjóri	Endurmat	2016	2/15/2016	466
Hafnarfjarðarbær	Verkamaður III	Endurmat	2016	2/15/2016	365
Borgarbyggð	Forstöðumaður íþróttamannvirkis	Nýtt mat	2016	2/15/2016	640
Akureyri	Húsvörður II	Endurmat	2016	2/29/2016	410
Akureyri	Yfirvélstjóri / Hafnarvörður	Endurmat	2016	2/29/2016	499
Hafnarfjarðarbær	Yfirmaður tölvudeildar HFJ. (beðið eftir gögnum)	Nýtt mat	2016	3/14/2016	607
Ísafjarðarbær	Tilsjón í barnavernd	Nýtt mat	2016	3/14/2016	440
Kópavogur	Garðyrkjuverkstjóri	Nýtt mat	2016	4/18/2016	545
Hafnarfjarðarbær	Ritari með bókhald	Nýtt mat	2016	4/18/2016	446
Akureyri	Starfsmaður á skíðaleigu / umsjónarmaður skíðaleigu	Endurmat	2016	5/9/2016	403
Kópavogur	Ritari (á menntasviði)	Endurmat	2016	5/9/2016	430
Ölfus	Heimaþjónustu II	Nýtt mat	2016	5/9/2016	404
Ölfus	Tækjastjóri	Nýtt mat	2016	5/9/2016	436
Akureyri	Starfsmaður Gránufélagsteymis	Endurmat	2016	5/9/2016	394
Kópavogur	Þjónustufulltrúi á stjórnslusviði	Nýtt mat	2016	5/9/2016	394
Akureyri	Aðstoðarverkstjóri/vélamaður Framkvæmdamiðstöð	Nýtt mat	2016	5/9/2016	466
Akureyri	Forstöðumaður fjölnota íþróttamannvirkja	Endurmat	2016	5/25/2016	589
Akureyri	Félagliði á hjúkrunarheimili	Endurmat	2016	5/25/2016	424
Dalvíkurbyggð	Umhverfisstjóri	Nýtt mat	2016	5/25/2016	492
Akureyri	Aðstoðarforstöðumaður sundlaugar	Endurmat	2016	6/6/2016	482
Akureyri	Húsvörður á listasafni	Nýtt mat	2016	6/6/2016	417
Vestmanneyjabær	Matráður II	Endurmat	2016	6/6/2016	357
Kópavogsbær	Þjónustufulltrúi (umhverfissviði)	Endurmat	2016	6/6/2016	410
Hafnarfjarðarbær	Aðstoðarverkefnastjóri í tómstundamiðstöð (stuðningsfulltrúi)	Nýtt mat	2016	6/6/2016	466